



Akureyrarbær

Samningur

um styrk Akureyrarbæjar til Verkefnasjóðs Háskólans á Akureyri

Markmið með samningi þessum er að styrkja Verkefnasjóð Háskólans á Akureyri (HA), í stað fjölda smærra styrkja sem áður voru veittir til HA. Sjóðurinn veitir styrki til verkefna á ýmsum sviðum skólans, samstarfsstofnanna hans og nemendafélaga.

Styrknum er ætlað að styðja:

1. Ráðstefnur eða meiriháttar samkomur
2. Útgáfu- og kynningarstarfsemi
3. Menningarstarf eða annað sem stjórnin telur falla að þessu reglum

Gildistími samnings er frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2019.

Styrkfjárhæð er 2.000.000 - tvær milljónir - á samningstímanum, sem greiðist í tveimur greiðslum, kr. 1.000.000 árið 2018 og kr. 1.000.000 árið 2019.

Úthlutun er í höndum þriggja manna stjórnar sem skipuð er af háskólaráði til tveggja ára í senn. Einn stjórnarmaður skal koma frá einni af samstarfsstofnunum HA. Sjóðsstjórn skilar skýrslu til bæjarráðs Akureyrarbæjar í janúar ár hvert um þá styrki sem veittir hafa verið úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn skal móta reglur um meðhöndlun umsókna og umsóknarfresti.

Við mat á umsóknum mun sjóðsstjórn taka tillit til eftirfarandi atriða:

1. Gildis fyrirhugaðs verkefnis
2. Að verkefnið sé skýrt afmarkað og markmið þess skýr og vel rökstudd
3. Þekkingar og færni umsækjanda
4. Að verkáætlun sé traust og trúverðug og kostnaðaráætlun í samræmi við markmið
5. Að verkefnið feli í sér mikilsvert framlag á sínu sviði eða feli í sér nýmæli

Heimilt er að láta verkefni sem unnin eru í samstarfi við Akureyrarbæ, t.d. vegna sameiginlegra kynningarmála eða ráðstefnuhalds njóta forgangs við úthlutun. Tekið skal fram að styrkir eru ekki veittir til verkefna sem Rannsóknarsjóður HA eða aðrir sjóðir eru betur til fallnir að styrkja.

Stjórn sjóðsins kynnir samning þennan innan HA og viðkomandi stofnana t.d. fyrir sviðsforsætum, forstöðumönnum stofnana og stjórnemendafélaga.

Akureyri, 16. mars 2018

f.h. Akureyrarbæjar

Eiríkur Björn Björgvinsson
bæjarstjóri

f.h. Háskólans á Akureyri

Eyjólfur Guðmundsson
rektor